



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 28/2015**

**Heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í  
einstökum farsímanetum**

**(Markaður 7)**

**30. október 2015**



## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Innanlandssamráð .....	3
3	Samráð við Eftirlitsstofnun EFTA .....	4
4	Forsendur ákvörðunar .....	7
4.1	Tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og ESA varðandi lúkningarverð í farsímanetum og föstum netum.....	7
4.2	Ákvörðun PFS nr. 20/2015 .....	8
4.3	Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 7 út frá verðsamanburði.....	10
5	Útreikningur á lúkningarverði.....	12
6	Niðurstaða PFS .....	14

## 1 Inngangur

Í samræmi við ákvörðun Póst- og fjarSKIPTASTOFNUNAR (PFS) nr. 20/2015, frá 31. júlí 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7), hefur PFS nú framkvæmt verðsamanburð til að ákvarða verð fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum fyrir árið 2016.

PFS fylgdi sömu aðferðafræði við þennan verðsamanburð og viðhöfð var í síðasta verðsamanburði á þessum markaði. Líkt og í fyrri ákvörðunum PFS um heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í farsímaneti hyggst PFS nota niðurstöðu verðsamanburðarins til að ákvarða lúkningarverð hér á landi.

Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu PFS

## 2 Innanlandssamráð

PFS efndi til innanlandssamráðs um frumdrög að þessari ákvörðun þann 11. ágúst 2015 og lauk því þann 1. september sl. Athugasemdir bárust frá 365 miðlum ehf. (365).

365 gerði athugasemd við það að lúkningarverð allra fjarSKIPTAFÉLAGA, að 365 meðtöldu, skuli vera jafnhátt. 365 byggir athugasemdir sínar á því að kostnaðarsamar útbreiðsluskýldur fylgdu úthlutun þeirra á 800 MHz tíðnisviðinu árið 2013, þ.e. að dreifikerfið skuli ná til 99,5% allra lögheimila og vinnustaða á landinu. Viðlíka skyldur hvíli ekki á neinu öðru fjarSKIPTAFÉLAGI vegna þeirra tíðnisviða sem þau hafi yfir að ráða. Í tilmælum framkvæmdastjórnar ESB varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá maí 2009 (Commission Recommendation of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU), segi berum orðum að líta megi á ójafnar kvaðir vegna tíðnisviða sem utanaðkomandi ástæður sem leitt geti til aukins kostnaðar eins fjarSKIPTAFÉLAGS umfram önnur. Eigi heildsölugjaldskrá PFS að endurspeglar raunkostnað fjarSKIPTAFÉLAGA vegna reksturs á farsímaneti þeirra, verði að líta sérstaklega til þeirra kvaða um útbreiðslu sem hvíli á 365. Uns tekið hefur verið tillit til þeirra, sé ljóst að heildsölugjaldskrá PFS sé ábótavant og stuðli síst að jöfnum rekstrargrundvelli fjarSKIPTAFÉLAGA.

PFS hafnar andmælum 365 þar sem þau varða ekki efni þessarar ákvörðunar. Eins og fram kemur hér að neðan þá byggir þessi ákvörðun á ákvörðun PFS nr. 20/2015, dags. 31. júlí 2015. Í þeirri ákvörðun var 365 útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir lúkningu símtala í sýndarfarsímaneti 365. Vegna þeirrar útnefningar var lögð kvöð á 365 um eftirlit með gjaldskrá sem tilgreinir að nota skuli verðsamanburð til að ákvarða hámarks lúkningarverð í sýndarfarsímaneti 365. Eftir því sem PFS kemst næst hefur 365 ekki enn hafið rekstur þjónustu á eigin neti og hefur félagið óskað eftir að stofnunin geri breytingu á skilmálum tíðniheimildar



félagsins, sbr. samráð þess efnis á vef PFS þann 27. maí 2015. Í uppboðinu bauð 365 í 800 MHz tíðnisviðið með þeim skilmálum sem því tíðnisviði fylgdi. Ef staða 365 á þessum markaði breytist í framtíðinni mun PFS framkvæma nýja markaðsgreiningu á markaðinum. Þar til sú staða kemur upp eru athugasemdir 365 ótímabærar og hafa ekki áhrif á þessa ákvörðun.

### 3 Samráð við Eftirlitsstofnun EFTA

Drög að ákvörðun þessari, voru send til Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs þann 29. september sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Samráðinu lauk þann 23. október sl. og fylgir álit ESA hér með í Viðauka III.

ESA vísar til þess að í tilmælum ESA um afskipti fjarskiptaftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011<sup>1</sup> sé kveðið á um að í undantekningartilfellum sé eftirlitsstofnunum heimilt að ákvarða lúkningarverð út frá verðsamanburði við lúkningarverð sem ákvörðuð er á grundvelli hreins BU-LRIC kostnaðarlíkans.

ESA fagnar þeirri nálgun PFS að taka eingöngu mið af lúkningarverðum sem ákvörðuð eru á grundvelli hreins BU-LRIC kostnaðarlíkans í verðsamanburðinum. Á sama tíma bendir ESA á að við framkvæmd verðsamanburðar skuli, þar sem það á við, horfa til framtíðar og notast við lúkningarverð sem gilda munu á gildistíma þeirra lúkningarverða sem boðuð eru samkvæmt ákvörðunardrögunum. Að öðrum kosti verður seinkun á því að lúkningarverð samkvæmt hreinum BU-LRIC líkönum muni skila sér í útreikninga PFS í verðsamanburðinum.

ESA hvetur því PFS til að endurskoða þau lúkningarverð sem notuð eru í verðsamanburðinn og, þar sem það er hægt, nota lúkningarverð sem taka gildi 1. janúar 2016 í stað lúkningarverða sem gilda á árinu 2015, að því tilskildu að formleg ákvörðun hafi legið fyrir 1. apríl 2015. ESA tekur sem dæmi markaðsgreiningu Ofcom á þessum markaði, dags. 17. mars 2015 fyrir árin 2015 til 2018, þar sem lúkningarverð fyrir árin 2016 og 2017 eru ákvörðuð.

Þá vísar ESA í uppruna þeirra upplýsinga sem PFS notar við gerð verðsamanburðarins og bendir á að PFS noti aðallega upplýsingar úr athugasemdarbréfum frá framkvæmdastjórn ESB og frá Cullen International. ESA bendir á að upplýsingar sem notaðar eru í verðsamanburðinn skuli koma úr endanlegri ákvörðun eftirlitsstofnunar í viðkomandi EES ríki. ESA minnir PFS á að staðreyna hvort upplýsingar sem notaðar eru í verðsamanburðinum séu samkvæmt endanlegri ákvörðun viðkomandi eftirlitsstofnunar í hverju tilfelli fyrir sig.

Vegna ofangreindrar athugasemda ESA um að horfa beri til framtíðar hvað varðar lúkningarverðin sem notuð eru í verðsamanburðinn þá hefur PFS skoðað þau EES ríki í samanburðinum sem hafa reiknað út lúkningarverð fyrir árið 2016. Þau ríki sem þar koma til

---

<sup>1</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 13 April 2011 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EFTA States.



greina eru Noregur, Frakkland og Bretland. PFS bendir á að ef taka á tillit til verða sem eftirlitsstofnanir reikna út fram í tímann þá er það misjafnt eftir ríkjum hvort verðin séu leiðrétt m.t.t. verðbólgu fyrir gildistöku og því ríkir ákveðin óvissa um endanleg verð. Í ákvörðun Ofcom sem ESA vísar í kemur fram að lúkningarverðin sem gefin eru upp með gildistöku 1. apríl 2016 eru áætluð út frá verðbólguþá og eftir því sem PFS kemst næst þá geta þau breyst áður en þau taka gildi ef verðbólguþáin gengur ekki eftir, sjá heimasíðu Ofcom<sup>2</sup>. Þá er PFS ekki kunnugt um hvort að lúkningarverðið sem ARCEP, franska eftirlitsstofnunin, hefur reiknað út fyrir árið 2016<sup>3</sup> sé það verð sem taka mun gildi 1. janúar 2016 eða hvort eftir sé að uppfæra það verð miðað við verðbólgu. Hins vegar kemur fram hjá Nkom, norsku eftirlitsstofnuninni, að þau verð sem stofnunin hefur reiknað taka tillit til verðbólguþá og hyggst stofnunin ekki leiðrétt þau ef spáin gengur ekki eftir. Ef þessi lúkningarverð með gildistöku á árinu 2016 eru reiknuð inn í verðsamanburðinn (miðað við áætlað verð Ofcom og ákvörðun ARCEP) þá myndi niðurstaða PFS breytast óverulega til lækkunar.

Eins og fram kemur í nýlegri markaðsgreiningu PFS á þessum markaði, ákvörðun PFS nr. 20/2015, þá hefur að mati stofnunarinnar skapast fyrirsjáanlegt verklag við ákvörðun lúkningarverða undanfarin ár með verðsamanburði, sem skapar fjarskiptafræðingum stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi. Því var í ákvörðuninni ákveðið að viðhalda þeirri aðferð áfram og er PFS nú að framfylgja þeirri ákvörðun í samræmi við þá aðferðafræði sem stofnunin hefur beitt hingað til og aðilar markaðarins og ESA þekkja. Þetta er í fjórða sinn sem PFS beitir þessari aðferð. PFS hefur þegar boðað þá niðurstöðu sem kom fram í ákvörðunardrögunum og væri sú breyting sem ESA leggur til ekki í samræmi við þann fyrirsjáanleika sem stofnunin hefur reynt að skapa.

Í ljósi ofangreinds hyggst PFS að svo stöddu ekki gera þær breytingar á aðferðafræðinni sem ESA leggur til og stendur því niðurstaða PFS óbreytt, enda myndi þá að hluta til vera byggt á áætluðum verðum. PFS mun þó skoða betur við framkvæmd verðsamanburðar haustið 2016, vegna verða sem gilda skulu árið 2017, hvort unnt sé að verða við ábendingum ESA.

Hvað varðar athugasemd ESA um uppruna upplýsinga sem PFS notar í verðsamanburð þá kom það fram í ákvörðunardrögunum að PFS notast við CIRCABC, Cullen International, ESA og viðkomandi fjarskiptaeftirlitsstofnanir til að nálgast upplýsingar um lúkningarverð í verðsamanburðinn. Með tilvísun í fjarskiptaeftirlitsstofnanir þá er átt við birtar ákvarðanir og upplýsingar á heimasíðu viðkomandi stofnana. PFS er fullkunnugt um að lúkningarverð eins og þau koma fram í athugasemdarbréfum frá framkvæmdastjórn ESB geta breyst áður en endanleg ákvörðun er tekin af viðkomandi eftirlitsstofnun en telur þessi bréf góða heimild um þau kostnaðarlíkön sem notuð eru við ákvörðun lúkningarverða. PFS skoðar í hverju tilfelli fyrir sig hvort ákvörðun liggur fyrir og á sama tíma er skoðað hvort lúkningarverð samkvæmt ákvörðuninni sem kemur í kjölfar athugasemda framkvæmdastjórnarinnar séu í samræmi við

<sup>2</sup> <http://media.ofcom.org.uk/analysts/regulated-prices/>

<sup>3</sup> Ákvörðun dags. 9. desember 2014.



Það sem fram kemur í áðurnefndu athugasemdabréfi. Hins vegar er það svo að í sumum tilfellum á eftir að uppfæra þau verð sem tilgreind eru í ákvörðun miðað við vísitölu og því hefur PFS borið verðin saman við upplýsingar frá Cullen International og í einhverjum tilfellum stuðst við upplýsingar á heimasíðu viðkomandi stofnunar. Dæmi um slíkt eru lúkningarverð í Belgíu, Grikklandi og Bretlandi. Ekki er víst að viðkomandi eftirlitsstofnun gefi út sérstakar ákvarðanir þegar verð eru uppreiknuð miðað við vísitölu og því hefur PFS nýtt sér upplýsingar frá Cullen International til að sannreyna að verðin séu rétt. Í áðurnefndum tilmælum ESA er ekki tilgreint sérstaklega að upplýsingar um verð sem notuð séu í verðsamanburð skuli nauðsynlega aflað með beinum hætti úr ákvörðun eftirlitsstofnunar í viðkomandi ríki. PFS leggur sig fram við að hafa þessa upplýsingar sem nákvæmastar og að verðin sem notuð eru í samanburðinn séu þau verð sem eru í gildi hverju sinni. PFS býr ekki yfir þeim mannafla að stofnuninni sé mögulegt að lesa yfir allar ákvarðanir annarra eftirlitsstofnana í heild sinni (á hinum ýmsu tungumálum) til að fá úr því skorið hvort þau verð sem þar eru gefin upp séu endanleg verð að teknu tilliti til verðbólgu eða ekki. Því hefur stofnunin reitt sig á upplýsingar frá Cullen International sem hefur svarað skilmerkilega öllum fyrirspurnum PFS og hefur stofnunin ekki talið ástæðu til að draga þær upplýsingar í efa. Vegna ábendingar ESA hefur PFS farið yfir lúkningarverðin í verðsamanburðinum en sér ekki ástæðu til að gera neinar leiðréttingar þar á.



## 4 Forsendur ákvörðunar

PFS byggir ákvörðun sína á fjarskiptalögum, fyrri ákvörðunum stofnunarinnar og tilmælum framkvæmdastjórnar ESB og ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011.

Samkvæmt 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga getur PFS við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskráum á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

Í 12. tl. tilmæla framkvæmdastjórnar ESB og ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum er heimild fyrir eftirlitsstofnanir eins og PFS að beita verðsamanburði til að ákvarða lúkningarverð, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Í ákvörðun PFS nr. 20/2015 er kveðið á um að PFS skuli árlega taka ákvörðun um hámarks lúkningarverð íslenskra fjarskiptafyrirtækja, í kjölfar verðsamanburðar við EES-ríki samkvæmt nánar tiltekinni aðferðarfræði, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert sem gilda skulu frá og með 1. janúar árið eftir.

Nánar er fjallað um þær forsendur sem liggja að baki ákvörðun þessari í eftirfarandi undirköflum.

### 4.1 Tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og ESA varðandi lúkningarverð í farsímanetum og föstum netum

Framkvæmdastjórn ESB gaf út tilmæli varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum í maí 2009<sup>4</sup>. Framkvæmdastjórnin taldi kvaðir varðandi lúkningarverð ekki vera nægilega einsleitar í aðildarríkjum sambandsins og ákvað því að gefa út tilmæli sem stuðla ættu að samræmingu. ESA gaf út sambærileg tilmæli þann 13. apríl 2011.

Meginreglan samkvæmt tilmælunum er að eftirlitsstofnanir eigi að kveða á um lúkningargjöld sem taka mið af kostnaði við lúkningu símtala í farsímanetum sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti í samræmi við kostnaðarlíkan sem byggir á langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC) aðferðinni<sup>5</sup>. Horft er til væntrar framtíðarþróunar á grundvelli núverandi kostnaðar og

---

<sup>4</sup> COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU.

<sup>5</sup> Langtíma viðbótarkostnaður (e. Long-run incremental cost), þ.e. kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin þjónusta eða starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.



miðað er við hagkvæmstu tæknilegu lausnir, s.s. næstu kynslóðar net (NGN). Um er að ræða hreint (e. pure) gangverðs bottom-up<sup>6</sup> LRIC kostnaðarlíkan, svokallað hreint BU-LRIC.

Viðeigandi viðbótarþjónusta (e. increment) í hreinu BU-LRIC líkaninu er lúkning símtala í heildsölu. Viðeigandi viðbótarkostnaður eða umflýjanlegur kostnaður (e. avoidable costs) vegna heildsöluþjónustu fyrir lúkningu símtala er mismunur milli heildarkostnaðar netrekanda sem veitir fulla heildsöluþjónustu og heildarkostnaðar sama netrekanda án lúkningar heildsöluþjónustu til þriðja aðila. Með öðrum orðum, eingöngu er reiknaður sá kostnaður vegna lúkningar sem fellur niður ef viðkomandi þjónustu er hætt.

Samkvæmt framangreindum tilmælum ESA var fjarskiptaeftirlitsstofnunum veittur almennur aðlögunarfrestur til 31. desember 2012 til að undirbúa og innleiða hreint LRIC kostnaðarlíkan.

Fjarskiptaeftirlitsstofnunum sem búa við takmörkuð aðföng (e. less well-resourced regulators) var skv. 12. gr. tilmælanna veittur lengri aðlögunarfrestur eða til 1. júlí 2014 og jafnvel lengur ef það bryti gegn meðalhófsreglu að þvinga slíkt stjórnvald til að innleiða hreint BU-LRIC kostnaðarlíkan, nema BEREC aðstoðaði það faglega og/eða fjárhagslega við gerð slíks líkans.

PFS telst til þeirra fjarskiptaeftirlitsstofnana sem búa við takmörkuð aðföng. Slíkum stofnunum er heimilt að beita t.d. verðsamanburði frá og með 1. janúar 2013 í stað slíkrar kostnaðargreiningaraðferðar ef sýnt er fram á að sú aðferð skili útkomu sem samrýmist markmiðum tilmælanna. Útkoma úr annarri aðferð en hreinu BU-LRIC á ekki að vera hærri en meðalverð þeirra EES-ríkja sem beita hreinni BU-LRIC aðferð við útreikning lúkningargjalda í farsímanetum.

Samkvæmt þessu er ljóst að framkvæmdastjórnin og ESA leggja til að eingöngu séu notuð lúkningarverð sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani í verðsamanburðinn.

Í samræmi við ofangreint tekur PFS eingöngu mið af samanburðarlöndum þar sem lúkningarverðið hefur verið ákvarðað með hreinni BU-LRIC aðferðarfræði.

## 4.2 Ákvörðun PFS nr. 20/2015

PFS hefur nýlega lokið markaðsgreiningu á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7). Niðurstaða þessarar markaðsgreiningar er birt í ákvörðun PFS nr. 20/2015, dags. 31. júlí 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum.

---

<sup>6</sup> Talað er um „bottom-up“ líkan þegar um er að ræða útreikninga á kostnaði út frá verkfræðilegu líkani af fjarskiptaneti á viðkomandi fjarskiptamarkaði. Líkanið byggir á ímynduðu (e. hypothetical) netkerfi sem er hagkvæmt hannað og nýtir hagkvæmstu tæknilausnir sem í boði eru hverju sinni.





Í ákvörðuninni voru tiltekin fyrirtæki útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði og viðeigandi kvaðir lagðar á þau. Áður en ákvörðunin var tekin voru drög að ákvörðuninni tilkynnt formlega til ESA. ESA gerði engar athugasemdir við greininguna eða þær kvaðir sem PFS lagði til vegna umrædds markaðar.

Síminn hf. (Síminn), Fjaraskipti ehf. (Vodafone), Nova ehf. (Nova), IMC Ísland ehf. (IMC/Alterna) og 365 miðlar ehf. (365) voru útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á eftirfarandi mörkuðum:

- Lúkning símtala í GSM/UMTS/LTE farsímaneti Símans
- Lúkning símtala í GSM/UMTS/LTE farsímaneti Vodafone
- Lúkning símtala í UMTS/LTE farsímaneti Nova
- Lúkning símtala í GSM farsímaneti IMC/Alterna
- Lúkning símtala í sýndarfarsímaneti 365

Á öll fyrirtækin voru lagðar kvaðir um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá. Kvöðin um eftirlit með gjaldskrá byggir á 32. gr. fjarskiptalaga.

Í ofangreindri ákvörðun kom fram að í ákvörðun PFS nr. 3/2012<sup>7</sup> hafi verið horfið frá því að ákvarða lúkningarverð íslenskra farsímafyrirtækja með stoð í kostnaðargreindum verðum Símans (sem byggð voru á sögulegum kostnaði) en þess í stað mælt fyrir um verðsamanburð í samræmi við 12. gr. tilmæla ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011. Í ákvörðuninni var tilgreint að PFS skildi framkvæma verðsamanburðinn árlega og í samræmi við það hefur PFS framkvæmt slíkan verðsamanburð þrisvar, eins og fram kemur í ákvörðunum stofnunarinnar nr. 32/2012, 25/2013 og 24/2014.

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2015 skulu lúkningarverð hér á landi áfram ákvarðast árlega með verðsamanburði. Að mati PFS hefur skapast fyrirsjáanlegt verklag við ákvörðun lúkningarverða með þeirri aðferðarfræði sem skapar fjarskiptafyrirtækjum stöðugra og fyrirsjáanlegra rekstrarumhverfi. Upplýsingar um þau verð sem PFS byggir verðsamanburð sinn á eru aðgengileg, t.d. hjá CIRCABC<sup>8</sup>, ESA<sup>9</sup> og Cullen International. Markaðsaðilar geta því fylgst með þróun lúkningarverða í þeim löndum sem uppfylla þau skilyrði sem PFS hefur sett og spáð fyrir um niðurstöðu verðsamanburðarins. Í einhverjum tilfellum hafa fjarskiptaeftirlitsstofnanir ákvarðað lúkningarverð nokkur ár fram í tímann að teknu tilliti til spár um þróunar verðs og/eða eftirspurnar á viðkomandi markaði í því augnamiði að auka fyrirsjáanleika fyrir markaðsaðila. PFS telur að vegna þess hve verðlag og gengi íslensku krónunnar sé óstöðugt í sögulegu samhengi sé slík nálgun ekki raunhæf að svo stöddu. Árlegar

---

<sup>7</sup> Ákvörðun nr. 3/2012 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heiltsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7).

<sup>8</sup> <https://circabc.europa.eu/>

<sup>9</sup> <http://www.eftasurv.int/internal-market-affairs/notifications/ecom-notifications/ecom-documents/>



Ákvarðanir á lúkningarverði eru auk þess líklegar til að skila jafnari þróun í verðlagningu á lúkningu símtala þar sem verðbreytingar koma í smærri skrefum í stað stærri stökka sem gætu orðið ef lengra líður á milli verðákvarðana. Verðsamanburðurinn hefur sömuleiðis reynst hagkvæm og skilvirk leið til að ná fram þeim markmiðum um lúkningarverð sem sett eru fram í framangreindum tilmælum ESA.

PFS skal árlega ljúka verðsamanburði með ákvörðun, í kjölfar innanlandssamráðs og samráðs við ESA, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fyrsta verðsamanburði skal því lokið eigi síðar en 1. nóvember 2015 vegna verðs sem gilda mun frá og með 1. janúar 2016.

PFS skal leggja eftirfarandi meginforsendur til grundvallar við útreikning á lúkningarverðum þegar verðsamanburði er beitt:

- Miða skal við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð markaðsráðandi fyrirtækja á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráeftirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani.
- Samanburður á verðum miðast við niðurstöðu um lúkningarverð samkvæmt útreikningum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani sem liggja fyrir í apríl á því ári sem verðsamanburður fer fram hverju sinni. Við gerð verðsamanburðarins skal miða við að fyrir liggi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun.
- Miða skal við að ákvarðað verð sé ekki hærra en einfalt meðaltal þeirra ríkja sem uppfylla ofangreind skilyrði.

Ofangreind framkvæmd er í samræmi við þá framkvæmd sem PFS hefur viðhaft undanfarin ár við ákvörðun lúkningarverða með verðsamanburði á þessum markaði.

PFS skal því framkvæma verðsamanburð á árinu 2015, sem ljúka skal með ákvörðun eigi síðar en 1. nóvember nk., sem gilda skal sem hámarks lúkningarverð á árinu 2016. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts og geta einstök farsímafyrirtæki því boðið lægri lúkningarverð kjósi þau svo, en þurfa að sjálfsögðu að gæta að jafnræðiskvöðinni og mismuna ekki á milli fyrirtækja á óhlutlægum forsendum.

### **4.3 Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 7 út frá verðsamanburði**

Í ákvörðun PFS nr. 3/2012, frá 13. janúar 2012, var horfið frá því að ákvarða lúkningarverð íslenskra farsímafyrirtækja með stoð í kostnaðargreindum verðum Símans (sem byggð voru á sögulegum kostnaði) en þess í stað mælt fyrir um verðsamanburð í samræmi við 12. gr. tilmæla ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011. Þessari breytingu á aðferðarfræði við ákvörðun lúkningarverðs var ekki skotið til úrskurðarnefndar né dómstóla.



Í kjölfarið framkvæmdi PFS verðsamanburð árin 2012, 2013 og 2014 til að ákvarða verð fyrir lúkningu símtala á markaði 7. Niðurstöður verðsamanburðanna voru birtar í ákvörðunum PFS, nú síðast í ákvörðun PFS nr. 24/2014, dags. 31. október 2014, um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 7).

Við framkvæmd þessara verðsamanburða hefur PFS tekið tillit til framangreindra tilmæla ESA varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum. PFS valdi samanburðarlöndin í samræmi við 12. gr. umræddra tilmæla ESA. Í júní 2012 höfðu Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Ítalía, Portúgal og Spánn tekið ákvörðun um lúkningarverð í farsímanetum sem byggðu á hreinu BU-LRIC líkani í samræmi við tilmælin. Árið 2013 höfðu Búlgaría, Grikkland, Króatía, Pólland, Slóvakía, Svíþjóð og Tékkland bæst við þann hóp og ári seinna höfðu Austurríki, Malta, Rúmenía og Slóvenía bæst við.

Í ákvörðun PFS nr. 24/2014 var það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skyldi vera 1,52 kr./mín. fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2015.

Áður en ákvörðunin var tekin voru drög að ákvörðuninni tilkynnt formlega til ESA. ESA gerði engar athugasemdir við fyrirhugaða ákvörðun PFS.

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 24/2014 er því núgildandi lúkningarverð á markaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum 1,52 kr./mín. og gildir það til næstu áramóta. Í ákvörðun þessari sem hér eru til umfjöllunar er fjallað um verð sem gilda skulu á árinu 2016.

## 5 Útreikningur á lúkningarverði

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015, dags. 31. júlí 2015, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum, hefur PFS nú tekið saman lúkningarverð á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum EES-ríkja til að nota í verðsamanburð<sup>10</sup>.

PFS fylgir sömu aðferðafræði við þennan verðsamanburð og gert var í síðasta verðsamanburði. ESA hefur ekki gert athugasemd við þá aðferðafræði og ákvörðun PFS nr. 24/2014, dags. 31. október 2014, um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum, var ekki skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála né dómstóla.

Við val á samanburðarlöndum miðar PFS við fjarskiptamarkaði á EES-svæðinu, en um er að ræða 31 ríki að Íslandi meðtöldu.

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015 voru eftirfarandi meginforsendur lagðar til grundvallar við útreikning á lúkningarverðum:

- Miðað var við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð markaðsráðandi fyrirtækja á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráreftirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt er hreinni BU-LRIC aðferð.
- Samanburður á verðum miðast við niðurstöður um lúkningarverð samkvæmt útreikningum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani sem liggja fyrir í apríl 2015. Við gerð verðsamanburðarins var miðað við að fyrir lægi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun á þessum tíma.
- Við ákvörðun lúkningarverðs hér á landi var reiknað hreint meðaltal lúkningarverða sem uppfylla ofangreind skilyrði.

Við útreikninga á lúkningarverðum er miðað við meðalgengi viðkomandi gjaldmiðils í íslenskum krónum á öðrum ársfjórðungi 2015<sup>11</sup>. PFS styðst í þessu efni m.a. við framkvæmd BEREC um gengisviðmið í reglubundnum samanburðum á lúkningarverðum<sup>12</sup>.

Verðsamanburður PFS miðar við þær upplýsingar sem lágu fyrir í apríl 2015. Á þeim tíma sem verðsamanburður PFS fór fram hafði viðkomandi eftirlitsstofnun í 21 EES ríki tekið ákvörðun um lúkningarverð í farsímanetum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani. PFS hyggst því nota lúkningarverðin sem þessar stofnanir hafa ákvarðað sem grundvöll fyrir ákvörðun á

---

<sup>10</sup> Heimild: CIRCABC, Cullen International, ESA og viðkomandi fjarskiptaeftirlitsstofnanir.

<sup>11</sup> Miðgengi Seðlabanka Íslands, sjá viðauka B.

<sup>12</sup> Sbr. BEREC BoR (11) 35 MTR Benchmark snapshot (as of July 2011).

lúkningarverði hér á landi í samræmi við það sem PFS kvað á um í framangreindri ákvörðun PFS nr. 20/2015.

Í töflu 3.1 eru þessi 21 ríki tilgreind ásamt samsvarandi lúkningarverðum í íslenskum krónum samkvæmt hreinu BU-LRIC líkani. Í viðauka A má einnig finna lúkningarverðin í mynt viðkomandi ríkis.

**Tafla 3.1 Yfirlit yfir þau lönd sem notuð eru í verðsamanburðinum**

<i>Samanburðarlönd</i>	<i>Kostnaðar- líkan</i>	<i>Lúkning kr./mínútu</i>
AT Austurríki	Hreint BU-LRIC	1,19
BE Belgía	Hreint BU-LRIC	1,74
UK Bretland	Hreint BU-LRIC	1,39
BG Búlgaría	Hreint BU-LRIC	1,43
DK Danmörk	Hreint BU-LRIC	1,19
FR Frakkland	Hreint BU-LRIC	1,15
GR Grikkland	Hreint BU-LRIC	1,63
IT Ítalía	Hreint BU-LRIC	1,45
HR Króatía	Hreint BU-LRIC	1,23
LU Lúxemborg	Hreint BU-LRIC	1,43
MT Malta	Hreint BU-LRIC	0,60
NO Noregur	Hreint BU-LRIC	1,43
PT Portúgal	Hreint BU-LRIC	1,88
PL Pólland	Hreint BU-LRIC	1,55
RO Rúmenía	Hreint BU-LRIC	1,42
SK Slóvakía	Hreint BU-LRIC	1,81
SI Slóvenía	Hreint BU-LRIC	1,68
ES Spánn	Hreint BU-LRIC	1,61
SE Svíþjóð	Hreint BU-LRIC	1,29
CZ Tékkland	Hreint BU-LRIC	1,46
HU Ungverjaland	Hreint BU-LRIC	0,82
	Meðaltal	1,40

Við ákvörðun á verði fyrir lúkningu símtala í farsímanetum á Íslandi notar PFS hreint meðaltal ofangreindra lúkningarverða. Meðaltalið er 1,40 kr./mín.

Þau samanburðarlönd sem bæst hafa við frá fyrri samanburði eru Lúxemborg, Noregur og Ungverjaland.

Auk þeirra 21 ríkja sem hafa tekið ákvörðun um lúkningarverð í farsímanetum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani hafa 3 ríki ákvarðað lúkningarverð út frá samanburði við þau lúkningarverð sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani. Samtals eru það því 24 ríki, auk Íslands, sem hafa ákveðið að framfylgja tilmælum framkvæmdarstjórnar ESB og ESA.

## 6 Niðurstaða PFS

Í samræmi við niðurstöðu í framangreindum verðsamanburði er það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á Íslandi skuli vera **1,40 kr./mín.** fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts. Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2015 eiga gjöldin að vera þau sömu hjá öllum fyrirtækjunum. Núverandi lúkningarverð, 1,52 kr./mín., munu gilda áfram óbreytt út árið 2015.

**Tafla 5.1 Lúkningarverð í farsímanetum fjarskiptafyrirtækja eins og tilgreint í ákvörðun PFS nr. 20/2015**

<i>Fyrirtæki</i>	<i>Eining</i>	<i>Verð</i>	
		<i>til 31. des 2015</i>	<i>1. jan. - 31. des. 2016</i>
Síminn	kr./mín.	1,52	1,40
Vodafone	kr./mín.	1,52	1,40
Nova	kr./mín.	1,52	1,40
IMC/Alterna	kr./mín.	1,52	1,40
365	kr./mín.	1,52	1,40

**Heimild:** Póst og fjarskiptastofnun

Ofangreind hámarks lúkningarverð gilda um símtöl sem eiga uppruna sinn í netum fjarskiptafyrirtækja sem starfrækt eru innan EES-svæðisins. Hámarksverðin sem PFS leggur á gilda því ekki um símtöl sem eiga uppruna í netum utan EES-svæðisins.

PFS mun endurskoða ofangreint lúkningarverð árlega til samræmis við niðurstöðu verðsamanburðar PFS, sem lokið skal með ákvörðun fyrir 1. nóvember ár hvert, svo lengi sem verðkvöð á umræddum markaði kveður á um slíka aðferðafræði. Slíkt verður gert án þess að PFS þurfi að framkvæma nýja markaðsgreiningu á viðkomandi markaði þar sem aðeins er um að ræða tæknilega útfærslu á tiltekinni kvöð. Slík breyting kallar þó á innanlandssamráð og samráð við ESA áður en endanleg ákvörðun um breytingu er tekin, með sama hætti og hér hefur verið gert.



## Ákvörðunarorð

Í samræmi við verðsamanburð sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur framkvæmt skulu heildsölugjöld fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum, eins og þau eru tilgreind í ákvörðun PFS nr. 20/2015, vera 1,40 kr./mín. fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts. Núverandi lúkningarverð, 1,52 kr./mín., mun gilda áfram óbreytt út árið 2015.

Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst- og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 30. október 2015.

---

Björn Geirsson f.h. forstjóra

---

Óskar Þórðarson

Viðauki I: Gengistafla  
Viðauki II: Yfirlit yfir lúkningarverð  
Viðauki III: Álit ESA